

REGLUR

um brottfellingu reglna nr. 330/1989, um króm í sementi.

1. gr.

Reglur nr. 330/1989, um króm í sementi falla brott.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 17. janúar 2005.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Reykjanesi.

Breyting á deiliskipulagi á Reykjanesi var samþykkt þann 15. september í bæjarstjórn Grindavíkur og þann 16. september 2004 í bæjarstjórn Reykjanesbæjar.

Breytingin tekur til iðnaðarsvæðis á Reykjanesi.

Tillaga að breytingu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 3. október 2004.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og
skipulagssviðs Reykjanesbæjar.

Benedikt Ingi Sigurðsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Grindavíkur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hafnarríkiseftirlit með sjóflutningum nr. 589/2003.

1. gr.

b-liður 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- b) Við val á öðrum skipum til skoðunar skal Siglingastofnun Íslands ákveða forgangs-
röð samkvæmt eftirfarandi:
- Fyrst skal velja skip sem um getur í I. hluta I. viðauka án tillits til markþáttar þeirra.
 - Skipin sem upp eru talin II. hluta I. viðauka skulu valin þannig að skip með hæsta markþátt skal skoðað fyrst, þá skip með næsthæsta markþátt og svo koll af kalli, eins og um getur í SIRENAC-upplýsingakerfinu.